



FJÁRMÁLA- OG  
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

# KJARASAMNINGAR OG EFNAHAGSMÁL

Möguleg áhrif kjarasamninga á  
efnahagsmál

21. maí 2015

# UM SAMANTEKTINA


Samantekt þessi er unnin af fjármála- og efnahagsráðuneytinu og fjallar um möguleg áhrif kjarasamninga á efnahagsmál. Samtektin er unnin út frá greiningu Seðlabanka Íslands á nokkrum sviðsmyndum vegna kjarasamninga. Grunnviðmiðið er opinbert tilboð Samtaka atvinnulífsins sem felur í sér 6% launahækkun á 2. og 3. ársfj. 2015, 4,5% hækkun á 1. ársfj. 2016 og 3,0% hækkun á 1. ársfj. 2017, til viðbótar 1,5% launaskriði á ári.



# SVIGRÚM TIL LAUNAHÆKKANA

- » Svigrúm til árlegra launahækkana án neikvæðra áhrifa á verðbólgu = framleiðniaukning (1% að meðaltali) + verðbólgumarkmið Seðlabankans (2,5%) = 3,5%.
- » Meiri launahækkanir að leiða að jafnaði til hærri verðbólgu. Breytingar á tekjuskiptingu milli hópa þurfa þó ekki að hafa slík áhrif. Mikil verðbólga dregur úr velferð. Brattar launahækkanir leiða því ekki til aukins kaupmáttar heldur draga úr hagvexti og velferð til lengdar.

Ársbreyting launavísitölu, vísitölu neysluverðs og kaupmáttar launa



Þrátt fyrir að launavísitala hafi hækkað um rúm 6% á ári frá 1990 hefur vísitala kaupmáttar launa ekki hækkað nema um 1,3% að meðaltali á ári.







## HVAÐA ÁHRIF HEFÐU HÆKKANIR SAMKVÆMT TILBOÐI SA?

- » Verði samningum lokið í samræmi við opinbert tilboð SA mun verðbólga hækka vel umfram markmið Seðlabankans.
- » Bankinn verður við slíkar aðstæður að hækka vexti, enda skal hann stuðla að verðstöðugleika, sem slær á innlenda eftirspurn.
- » Fjárfesting minnkar, krónan styrkist í fyrstu en veikist í kjölfarið, atvinnuleysi eykst eða vinnutími styttest og hagvöxtur verður minni en ella.
- » Svigrúm ríkissjóðs til sértækra aðgerða til að liðka fyrir samningum við slíkar aðstæður er lítið.



# HVAÐA ÁHRIF HEFÐU HÆKKANIR SAMKVÆMT TILBOÐI SA?



Heimild: Seðlabanki Íslands



## VIÐBRÖGÐ STJÓRNVALDA VIÐ ÓHÓFLEGUM LAUNAHÆKKUNUM

- » Launahækkanir sem samræmast efnahagslegum stöðugleika gefa ríkissjóði fjárhagslegt svigrúm til þess að koma til móts við þá hópa sem þurfa mest á stuðningi að halda og til þess að örva vaxtargetu hagkerfisins öllum til hagsbóta.
- » Seðlabankanum ber að stuðla að stöðugu verðlagi og beitir til þess stýritækjum sínum, ekki síst ákvörðun vaxta.
- » Launahækkanir í samræmi við svigrúm hagkerfisins geta því gefið tilefni til fjárhagslegrar aðkomu ríkissjóðs og lægri vaxta en ella.


Í mati Seðlabankans á áhrifum tilboðs SA er gert ráð fyrir því vextir verði 3% hærri en ella árið 2015 og nærri 4% hærri árið 2016. Virkir stýrivextir gætu því þá verið a.m.k. tvöfalt hærri en þeir eru í dag, þ.e. yfir 9%.




# HVAÐ ER ÓLÍKT 2011 OG 2014?

- » Áhrif launahækkana nú eru líklega meiri en árin 2011 og 2014.
- » Árið 2011 var slaki í hagkerfinu og hlutfall launa af vergum þáttatekjum undir sögulegu meðaltali. Svigrúm var til þess að hækka það hlutfall sem fór í laun og launatengd gjöld eftir því sem skuldahlutföll lækkuðu.
- » Lítil alþjóðleg verðbólga hélt aftur af innlendra verðbólgu árið 2014. Innlent verðlag hækkaði mun meira en vísitala neysluverðs, en verðbólguvæntingar héldust nokkuð stöðugar enda launahækkarnir mun minni en nú er rætt um.

Hlutfall launa og launatengdra gjalda af vergum þáttatekjum



Verðbólga



Þáttatekjur eru samtala launa og tengdra gjalda og rekstrarafgangs. Hluttur launa í vergum þáttatekjum er hugtak sem oft er notað til að lýsa tekjuskiptingunni í samfélaginu.

